

## Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um fjárhag sveitarfélaga.

1. Hvaða sveitarfélög hafa fengið viðvörðun frá ráðuneytinu vegna fjárhagsstöðu sl. 10 ár, skipt eftir árum og gömlu kjördæmaskipaninni?

Í lista hér á eftir eru upplýsingar um hvaða sveitarfélög fengu bréf vegna árlegrar úttektar á ársreikningum og fjárhagsáætlunum fyrir árin 1996–2005.

### **Sveitarfélög sem fengu bréf vegna árlegrar athugunar á ársreikningum 1996–2005, skipt eftir árum og eldri kjördæmaskipan.**

#### **Vegna niðurstöðu ársreiknings 2005**

##### *Vestfjarðakjördæmi*

Bolungarvíkurkaupstaður

Ísafjarðarkaupstaður

##### *Norðurlandskjördæmi vestra*

Sveitarfélagið Skagafjörður

##### *Suðurlandskjördæmi*

Hveragerðisbær

Mýrdalshreppur

Rangárþing ytra

Skaftárhreppur

#### **Vegna niðurstöðu ársreiknings 2004**

Ekkert sveitarfélag

##### *Reykjaneskjördæmi*

Hafnarfjarðarkaupstaður

Mosfellsbær

Reykjanesbær

Sveitarfélagið Árborg

Vestmannaeyjabær

#### **Vegna niðurstöðu ársreiknings 2003**

##### *Vesturlandskjördæmi*

Saurbæjarhreppur

Snæfellsbær

##### *Norðurlandskjördæmi vestra*

Blönduóssbær

Sveitarfélagið Skagafjörður

##### *Norðurlandskjördæmi eystra*

Dalvíkurbyggð

Húsavíkurbær

Ólafsfjarðarbær

Skútustaðahreppur

Þórshafnarhreppur

Öxarfjarðarhreppur

##### *Austurlandskjördæmi*

Djúpavogshreppur

Fáskrúðsfjarðarhreppur

Sveitarfélagið Hornafjörður

Vopnafjarðarhreppur

#### **Vegna niðurstöðu ársreiknings 2002**

##### *Vesturlandskjördæmi*

Borgarbyggð

Borgarfjarðarsveit

Dalabyggð

##### *Norðurlandskjördæmi vestra*

Blönduóssbær

##### *Norðurlandskjördæmi eystra*

Hríseyjarhreppur

Ólafsfjarðarbær

Þórshafnarhreppur

##### *Austurlandskjördæmi*

Fellahreppur

##### *Reykjaneskjördæmi*

Hafnarfjarðarkaupstaður

Mosfellsbær

**Vegna niðurstöðu ársreiknings 2001***Vesturlandskjördæmi*

Borgarfjarðarsveit

*Norðurlandskjördæmi eystra*

Raufarhafnarhreppur

Þórshafnarhreppur

**Vegna niðurstöðu ársreiknings 2000***Vestfjarðakjördæmi*

Kirkjubólshreppur

*Vesturlandskjördæmi*

Borgarbyggð

Borgarfjarðarsveit

Eyja- og Miklaholtshreppur

Hvalfjarðarstrandarhreppur

Leirár- og Melahreppur

Saubæjarhreppur

Snæfellsbær

*Norðurlandskjördæmi vestra*

Blönduóssbær

Höfðahreppur

Sveitarfélagið Skagafjörður

Torfalækjarhreppur

*Norðurlandskjördæmi eystra*

Aðaldælahreppur

Húsavíkurkaupstaður

Ólafsfjarðarbær

Raufarhafnarhreppur

Þórshafnarhreppur

*Austurlandskjördæmi*

Fellahreppur

Fjarðabyggð

Seyðisfjarðarkaupstaður

*Suðurlandskjördæmi*

Biskupstungnahreppur

Laugardalshreppur

Rangárvallahreppur

Vestmannaeyjabær

Villingaholtshreppur

*Reykjaneskjördæmi*

Bessastaðahreppur

Hafnarfjarðarkaupstaður

Mosfellsbær

Reykjanesbær

Sandgerðisbær

Vatnsleysustrandarhreppur

**Vegna niðurstöðu ársreikninga 1996–1999***Vesturlandskjördæmi*

Akraneskaupstaður

Borgarfjarðarsveit

Snæfellsbær

Stykkishólmsbær

*Vestfjarðakjördæmi*

Bolungarvíkurkaupstaður

Ísafjarðarbær

Vesturbyggð

*Norðurlandskjördæmi vestra*

Blönduóssbær

Sveitarfélagið Skagafjörður

*Norðurlandskjördæmi eystra*

Aðaldælahreppur

Hríseyjarhreppur

Ólafsfjarðarkaupstaður

*Austurlandskjördæmi*

Austur-Hérað

Fáskrúðsfjarðarhreppur

*Suðurlandskjördæmi*

Vestmannaeyjabær

*Reykjaneskjördæmi*

Hafnarfjarðarkaupstaður

Kjósarhreppur

Mosfellsbær

Reykjanesbær

Vatnsleysustrandarhreppur

Í sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, var kveðið á um að félagsmálaráðherra skipi þriggja manna nefnd sem hafi það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga og gera nauðsynlegar athugasemdir við þróun þeirra en áður var slíkt eftirlit framkvæmt af starfsmönnum félagsmálaráðuneytisins. Á grundvelli nýrra laga var sett sérstök reglugerð, nr. 374/2001, um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, þar sem fjallað er ítarlega um hlutverk nefndarinnar. Í samræmi við reglugerðina athugar eftirlitsnefnd árlega reksturog fjárhagsstöðu sveitarfélaga með hliðsjón af ársreikningi og fjárhagsáætlun fyrra árs og fjárhagsáætlun yfirstandi árs. Samkvæmt 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn árlega gæta

Þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags fari ekki fram úr heildartekjum þess. Leiði athugun nefndarinnar í ljós að afkoma sveitarsjóðs er ekki í samræmi við framangreint lagaákvæði eða að fjármál sveitarfélagsins stefni að öðru leyti í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarstjórn og kalla eftir skýringum.

Athugun nefndarinnar er gerð með tilliti til lykiltalna, sbr. m.a. 6. gr. reglugerðar um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, nr. 374/2001, og tiltekinna viðmiða sem nefndin hefur sett sér. Nefndin getur kallað eftir frekari skýringum sveitarstjórnar á tilteknum atriðum til að hún geti lokið við mat sitt á fjárhagslegri stöðu sveitarfélags. Að lokinni athugun leggur nefndin mat á hvort eðlilegt sé að vara einstök sveitarfélög við að rekstrarniðurstaða og/eða fjárhagsstaða sé óviðunandi og óskar nefndin þá jafnframt eftir upplýsingum um hvernig viðkomandi sveitarstjórn hyggst bregðast við rekstrar- og/eða fjárhagsvanda sveitarfélagsins.

Frá því að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga var fyrst skipuð hefur vinnuferli nefndarinnar tekið nokkrum breytingum, ekki síst vegna breytinga sem gerðar voru á reikningsskilum sveitarfélaga og tóku gildi 1. janúar 2002. Í mars 2005 var gerð breyting á reglugerð nr. 374/2001, um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Breytingin fól í sér að sveitarfélögum er gert skylt að senda eftirlitsnefndinni greinargerð með fjárhagsáætlun, þriggja ára áætlun og ársreikningi ef niðurstaða áætlunar eða ársreiknings er að sveitarfélagið sé rekið með halla. Í slíkri greinargerð ber að rekja helstu ástæður hallareksturs og gera grein fyrir því hvort sveitarstjórn líti svo á að um sé að ræða tímabundinn eða viðvarandi halla. Jafnframt ber að gera grein fyrir aðgerðum sem sveitarstjórn hyggst grípa til vegna hallans. Markmið breytingarinnar var að tryggja að fyrir upphaf árlegrar athugunar eftirlitsnefndarinnar liggi fyrir skýringar sveitarstjórnar á neikvæðri rekstrarniðurstöðu þannig að nefndin geti við fyrstu yfirferð fyrirbyggjandi ársreiknings og fjárhagsáætlunar lokið við mat sitt á rekstri og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Framangreindar breytingar á vinnuferli nefndarinnar, m.a. vegna breytingar á reglugerð um nefndina, hafa leitt til þess að formlegum bréfaskiptum milli nefndarinnar og sveitarfélaga hefur fækkað umtalsvert á síðustu árum eins og glöggst má sjá á listanum.

Eins og fram kemur gerði eftirlitsnefndin ekki athugasemdir við ársreikninga fyrir árið 2004 hjá neinu sveitarfélagi. Í nóvember 2004 óskaði tekjustofnanefnd, sem skipuð var vegna átaks til eflingar sveitarstjórnarstigsins, hins vegar eftir tillögum frá eftirlitsnefndinni um úthlutun á sérstöku 400 millj. kr. aukaframlagi ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að koma til móts við sveitarfélög í sérstökum fjárhagsvanda. Í tillögum sínum lagði eftirlitsnefndin m.a. til að 200 millj. kr. yrði úthlutað með sérstökum framlögum til sveitarfélaga sem að mati nefndarinnar væru í sérstökum fjárhagsvanda vegna erfiðra ytri aðstæðna. Að mati nefndarinnar töldust eftirtalin sveitarfélög vera í sérstökum fjárhagsvanda:

Snæfellsbær, Siglufjarðarkaupstaður, Blönduóssbær, Húsavíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarbær, Dalvíkurbyggð, Aðaldælhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vestmannaeyjabær.

Að tillögu nefndarinnar var úthlutun fjármunanna bundin því skilyrði að þeim yrði varið til að greiða niður skuldir sveitarfélaga og að beitt yrði öðrum fjárhagslegum aðgerðum til að styrkja rekstrargrundvöll viðkomandi sveitarfélaga. Samhliða úthlutuninni gerði nefndin samning við sveitarstjórnir umræddra sveitarfélaga um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit.

2. *Hvaða sveitarfélög hafa selt veitustofnanir annars vegar og aðrar eignir hins vegar vegna fjárhagsvanda á undanförunum 10 árum? Hvernig er fjárhagsstaða þeirra sveitarfélaga nú?*

Á undanförunum árum hafa allmargar sveitarstjórnir ákveðið að selja veitustofnanir og/éða aðrar eignir sveitarfélagsins. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er sveitarfélögum ekki skylt að upplýsa ráðuneytið um sölu eigna. Með lögum nr. 74/2003 var þó tekið upp það nýmæli í 3. mgr. 65. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, að sveitarstjórn skuli tilkynna eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um sölu fasteigna sem eru nauðsynlegar til að rækja lögskyld verkefni sveitarfélagsins en ekki er tekið fram í ákvæðinu að sveitarstjórn þurfi að upplýsa nefndina um ástæður fyrir slíkri sölu. Fyrir vikið býr ráðuneytið ekki yfir tæmandi upplýsingum um sölu sveitarfélaga á veitustofnunum eða öðrum eignum sveitarfélaga á undanförunum tíu árum eða ástæður fyrir slíkum ákvörðunum. Sama máli gegnir um sameiningu veitustofnana í eigu sveitarfélaga við önnur veitufyrirtæki. Svar ráðuneytisins nær því aðeins til tilvika sem tengjast aðkomu ráðuneytisins eða eftirlitsnefndar að málefnum sveitarfélaga í fjárhagsvanda.

Árið 2001 seldu sveitarfélög á Vestfjörðum hlut sinn í Orkubúi Vestfjarða til ríkisins. Í tengslum við söluna gerði eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga samkomulag við sveitarstjórnir fjögurra sveitarfélaga, þ.e. Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar, Reykhólahrepps og Vesturbyggðar, um að söluandvirðinu yrði ráðstafað til að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélaganna með niðurgreiðslu skulda á grundvelli samkomulags við lánardrottna.

Eins og áður hefur verið greint frá gerði eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2005 sérstakan samning um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit við sveitarstjórnir tíu sveitarfélaga. Markmið samninganna var að stöðva hallarekstur og skuldasöfnun, bæta eiginfjárstöðu og styrkja rekstrargrundvöll sveitarsjóðs til framtíðar með viðeigandi aðgerðum. Í samningum við sveitarstjórnir tveggja sveitarfélaga, Blönduóssbæ og Ólafsfjarðarbæ, var sérstakt ákvæði um að aðilar væru sammála um nauðsyn þess að sveitarstjórnir seldu eignir sem ekki væru nauðsynlegar til þess að sveitarfélagið gætu rækt lögskyld verkefni sín. Árið 2005 tóku umræddar sveitarstjórnir ákvörðun um að selja veitustofnanir sem voru í eigu sveitarfélaganna og hefur fjárhagsstaða þeirra batnað verulega í kjölfar þeirrar ákvörðunar.